

Tíu ísbúðir á tíu árum



Gunnar Már Þráinsson og Telma Österby Finnsdóttir, eigendur Ísbúðarinnar Huppu.

„Okkur fannst vanta skemmtilega ísbúð á Selfoss og létum vaða,“ segja Telma Österby Finnsdóttir og Gunnar Már Þráinsson, eigendur Ísbúðarinnar Huppu sem fagnar 10 ára starfsafmæli um þessar mundir, í samtali við Dagskrána. „Við vorum tvö pör sem stofnuðum Huppu árið 2013, við og vinir okkar Eygló og Sverrir. Huppa

var skírð í höfuðið á bestu mjólkurkúnni á sveitabæ ömmu og afa Sverris.

Þau segja erfitt að segja til um hvað hafi orðið til þess að Huppa náði jafn miklum vinsældum og raun ber vitni. „Við vönduðum okkur við að skapa skemmtilegt umhverfi með litum, þægindum, skemmtilegri tónlist og góðri þjónustu

og einnig að vera með nýjungar eins og bragðarefsmatseðil, bragðarefi mánaðarins, Huppu-sjeika, nýja ísrétti og fleira. Umhverfið skiptir einnig máli og þarf að vera hlýlegt, þægilegt og skemmtilegt. Alls ekki flókið en mikilvægt er að vanda sig.“

Nánar má lesa um 10 ára afmæli Ísbúðar Huppu á bls. 2.

HGL

Aðventuntónleikar Mýrdælinga í Víkurkirkju

Mikil tilhlökkun er fyrir næsta sunnudegi hjá heimafólki í Vík í Mýrdal. Það er ekki á hverjum degi þegar þrír kórar, einsöngvarar og hljóðfæraleikarar sameina krafta sína og halda upp á Aðventuntónleika Mýrdælinga sem verða sunnudaginn 10. des.

Hátíðardagskrá verður með fjölbreyttum lögum úr þekktum óratoríum, söngleikjum, dægurlögum og fleiru. Sönglög m.a. eftir Sigvalda Kaldalóns, Wolfgang Amadeus Mozart, Jón Sigurðsson og James Piermont.

Tónleikarnir byrja kl. 17:00 og standa í rúmlega klukkustund. Hver veit, kannski líta jólasveinarnir við.



Víkirkirkja. Mynd: Mýrdalshreppur

Frjálsíþróttaráð fékk viðurkenningu fyrir viðburð ársins

Uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands og samkoma í tilefni þess að 75 ár eru frá fyrstu landskeppni landsliðs Íslands í frjálsum íþróttum var haldin í Laugardalshöllinni 30. nóvember.

Á uppskeruhátíðinni hlaut Frjálsíþróttaráð HSK viðurkenningu fyrir viðburð ársins og tók Guðmunda Ólafsdóttir formaður ráðsins við viðurkenningunni.

Verðlaunin voru fyrir glæsilegt Meistaramót 11-14 ára sem haldið var á Selfossvelli í júní sl. Á mótið mætti fjöldi keppenda sem fékk tækifæri til að keppa við sína jafningja, í íþróttagrein sem þeir elska, við bestu aðstæður á landinu. Einnig var boðið uppá gistingu í Vallaskóla og skemmtidagskrá á kvöldin fyrir þá keppendur sem það kusu og var því fyrirkomulagi gríðarlega vel tekið.

Umsögn frá FRÍ um viðburð ársins var svohljóðandi: „Af fjölmörgum góðum frjálsíþróttaviðburðum sem haldnir hafa verið um land allt á liðnu ári þótti MÍ 11-14 ára á Selfossi standa uppúr. Framkvæmdin var með nýju fyrirkomulagi, sem vafðist ekki fyrir þrautreyndum og sterkum hópi sjálfbóðaliða HSK/Selfoss, nema síður sé. Bryddað var upp á ýmsum nýjungum, sem urðu til þess að auka enn á gæði mótsins, ánægju og gleði þátttakenda. Aðbúnaður á mótinu og umgjörð öll var framkvæmdaraðilum til mikils sóma og spiluðu Lindex höllin og frjálsíþróttavöllurinn hér vel saman.“



Guðmunda Ólafsdóttir mætti á Uppskeruhátíð FRÍ fyrir hönd Frjálsíþróttaráðs HSK.

Guðmunda sagði þetta um viðurkenninguna eftir uppskeruhátíðina: „Ekkert svona gerist af sjálfu sér. Til að framkvæma mótið sendu 12 félög samtals 68 sjálfbóðaliða til starfa, sem unnu samtals 984 vinnustundir við mótið. Ég vil nota tækifærið til að þakka þeim kærlega fyrir þeirra framlag, sem er ómetanlegt. Frjálsar íþróttir eru afskaplega mannaflsfrekar þegar kemur að framkvæmd og án sjálfbóðaliðanna yrðu engin mót. Ég vil þakka sérstaklega félögum mínum í framkvæmdanefnd mótsins fyrir þeirra frábæru vinnu og ekki síst starfsmannastjóranum sem stóð svo sannarlega fyrir sínu. Starfsmennirnir á Selfossvelli fá svo sérstakt hrós fyrir sína vinnu, enda völlumurinn sjaldan litið betur út. Ég kemst heldur ekki hjá því að nefna styrktaraðila mótsins, þeirra framlag gerði allt auðveldara.“

Þess má geta að frjálsíþróttaráði HSK hefur verið falið að halda MÍ 15 – 22 ára í júní á næsta ári.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Árvirkinn




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Styðjum Bergrós og Tind til að fara á Wodapalooza í Miami

TYR WODAPALOOZA Miami

Miðar eru seldir í Crossfit Rvk, Crossfit Selfoss, Bólsturlist á Selfossi og rafrænt

Greitt inná rnr. 0515-14-205110, kt: 020470-5699 eða AUR S:824-6669

100 glæsilegir vinningar Að verðmæti 1.000.000 kr.

Tíu ísbúðir á tíu árum

„Ennþá litla ísbúðin sem við stofnuðum á Selfossi“

„Okkur fannst vanta skemmtilega ísbúð á Selfoss og létum vaða,“ segja Telma Österby Finnsdóttir og Gunnar Már Þráinsson, eigendur Ísbúðarinnar Huppu sem fagnar 10 ára starfsafmæli um þessar mundir, í samtali við DFS.is. „Við vorum tvö þör sem stofnuðum Huppu árið 2013, við og vinir okkar Eygló Rún Karlsdóttir og Sverrir Rúnarsson. Huppa var skírð í höfuðið á bestu mjólkurkúnni á sveitabæ ömmu og afa Sverris.“

„Fyrstu tvö árin þróaðist Huppa mikið og vorum við sífellt að fylgjast með þörfum viðskiptavina og gera okkar besta til að mæta þeim. Árið 2015, þegar Huppa var tveggja ára gömul, opnuðum við aðra Huppu í Álftheimum í Reykjavík. Reykvikingar tóku Huppu ótrúlega vel og síðan þá hefur Huppa opnað á 9 stöðum, 6 á höfuðborgarsvæðinu, ein í Borgarnesi og ein í Reykjanesbæ. Í okkar huga er Huppa ennþá litla ísbúðin sem við stofnuðum á Selfossi fyrir 10 árum síðan en auðvitað er raunveruleikinn sá að umfangið í dag er orðið allt annað en það var til að byrja með. Okkur óraði ekki fyrir því stökki sem fyrirtækið myndi taka þegar við lögðum af stað í þetta ferðalag sem hefur verið bæði krefjandi og skemmtilegt. Árið 2020 gekk Kolka til liðs við okkur sem nýr hluthafi og hefur samstarfið gengið ótrúlega vel og verið Huppu mjög dýrmætt,“ segir Telma.

Gunnar segir áskoranirnar verið mjög margar. „Stórar sem smáar. Þær helstu hafa sennilega tengst örri stækkun á fyrirtækinu en slíkri stækkun fylgja gjarnan vaxtaverkir. Við höfum þurft að læra margt á þessum tíma og höfum gengið á ótal veggi en höfum þá geta stutt við hvort annað og komist í gegnum allskonar ævintýri.“

Ísinn klár og engin röð

„Það hefur margt breyst á 10 árum og það er nauðsynlegt að vera alltaf að skoða hvernig maður getur mætt nýjum þörfum og væntingum viðskiptavina. Huppa hefur prufað ýmislegt og sumt virkað og annað ekki en það er mikilvægt að láta vaða og vera ekki of hræddur við að taka feilspor. Við byrjuðum með nýja þjónustu á síðasta ári sem við köllum Pantað og sótt, þá pantar viðskiptavinur ísinn sinn á netinu og velur hvernær hann vill sækja. Þegar viðskiptavinur kemur þá er ísinn klár og fólk sleppur við að bíða í röð. Þetta er að vekja mikla lukku meðal okkar viðskiptavina og við komum til með að þróa þetta áfram og gera enn betur.“

Þau segja erfitt að segja til um hvað hafi orðið til þess að Huppa náði jafn miklum vinsældum og raun ber vitni. „Einfalda svarið er kannski góður ís, réttur staður og rétt stund,



áhersla á góða þjónustu ásamt smá polinnmæði og dass af þrautseigju. Við vönduðum okkur við að skapa skemmtilegt umhverfi með litum, þægindum, skemmtilegri tónlist og góðri þjónustu og einnig að vera með nýjungar eins og bragðarefsmatseðil, bragðarefi mánaðarins, Huppusjeika, nýja ísrétti og fleira. Við höfum frá fyrsta degi lagt áherslu á góða þjónustu og stór partur af þjálfun okkar starfsfólks snýst um að kenna þjónustu og erum við með ákveðið kerfi sem við fylgjum í því. Umhverfið skiptir einnig máli og þarf að vera hlýlegt, þægilegt og skemmtilegt. Alls ekki flókið en mikilvægt er að vanda sig.“

„Gerð vel við viðskiptavini og starfsfólk“

Aðspurð hvaða ráð þau myndu gefa öðrum sem hyggðu á rekstur í matvælageiranum stóð ekki á svörum. „Látið ykkur allt varða, horfið í smáatriðin, gerið vel við viðskiptarvini ykkar og starfsfólk. Þetta er mikil vinna en um leið ótrúlega gefandi og lærdómsrík. Verið tilbúin að vaða drullupolla og ekki gefast upp.“

Allir ólmir í Huppukrútt

Gunnar og Telma segja að meðal nýjunganna sem hafi slegið í gegn hjá Huppu í gegnum tíðina séu Huppukrúttin. „Huppa bað fyrst upp á minni stærð af bragðaref sem við köllum Huppukrútt. Það kom til vegna þess að við fundum að yngri krakkar vildu ólm frá bragðaref eins og

mamma og pabbi en oft heyrðum við þá setningu „nei ekki bragðaref, hann er alltof stór fyrir þig“ eða „þú nærð aldrei að klára þetta“. Þetta vandamál var auðvelt að leysa og buðum við upp á barna bragðaref í litlu glasi eða það sem við köllum Huppukrútt. Þetta hefur svo verið ótrúlega vinsæl stærð og margir fullorðnir sem kjósa að fá sér Huppukrútt þó svo að það hafi upprunalega verið gert með börnin í huga.“

„Svo er vert að nefna Drauminn en hann er bragðarefur nr. 1 á matseðlinum okkar. Hann var búinn til á fyrsta ári Huppu og hefur frá þeim degi verið langvinsælasti bragðarefurinn. Ég mæli með að fá sér Drauminn og bæta við hockey pulver, hættulega gott. Huppa hefur átt farsælt samstarf við Emmessís en Emmessís hefur hrært ísinn hennar Huppu frá fyrsta degi. Huppa er mjög stolt af ísnum sem hún býður upp á: Ekta íslenskur ís úr íslenskum hráefnum, þar á meðal íslenskum rjóma og smjöri.“

Skemmtilegri og bragðbetri matarboð framundan

Um þessar mundir eru þau í óðaönn við að setja upp Huppu í Kórahverfinu í Kópavogi. „Við stefnum á að opna hana snemma á nýju ári. Við erum þessa dagana að athuga hvernig viðskiptavinir okkar taka í jarðarberjáis úr vél og erum að bjóða upp á hann á Selfossi og í Garðabæ í dag. Einnig erum við að þróa vöru með Emmessís sem gerir matarboðin og afmælin skemmtilegri og bragðbetri og mun Huppa kynna hana fyrir viðskiptavinum sínum mjög fljótlega.“

„Við viljum nýta tækifærið og þakka okkar frábæra starfsfólki sem hefur verið samferða okkur, stoppað mislengi og kynnst okkur misvel en við erum þeim ótrúlega þakklát öllum sem einu og vitum það mjög vel að Huppa væri ekki Huppa án þeirra. Einnig viljum við þakka viðskiptavinum Huppu fyrir frábærar móttökur á öllum þeim stöðum sem Huppa hefur stigið niður fæti. Við erum ótrúlega nátt þegar við horfum yfir farinn veg og hlökkum til að fylgjast með Huppu í framtíðinni,“ segja þau að lokum.

HGL





The poster for Stracta Hótel's Christmas Brunch features a vibrant red background adorned with festive elements like pine branches, gold and silver ornaments, and stars. At the top center is the hotel's logo, a circular emblem with stylized waves. Below it, the text 'STRACTA HÓTEL' is displayed in a bold, white, sans-serif font, followed by four white stars. The main title 'LITLU JÓLIN Á STRACTA' is written in a large, elegant, gold-colored serif font. The event details are provided in white text: 'Sunnudaginn 10. desember' for the date, 'bjóðum við upp á fjölskyldubrunch með jólaívafi á Stracta.' for the event type, and 'Allir velkomnir frá kl 12:00 - 14:30' for the time. A note about children's supervision is also included. The menu and prices are listed in gold text under the headings 'MATSEÐILL' and 'VERÐ'. The menu items are a mix of Icelandic and international dishes, and the prices are clearly stated for adults, children, and infants. Contact information is provided at the bottom right.

STRACTA HÓTEL
☆☆☆☆

LITLU JÓLIN Á STRACTA

Sunnudaginn 10. desember bjóðum við upp á fjölskyldubrunch með jólaívafi á Stracta.

Allir velkomnir frá kl 12:00 - 14:30

Hlynur Snær sér um að koma öllum í jólaskap.
Það er svo aldrei að vita nema að jólasveinninn kíki við.

MATSEÐILL

Sjávarréttasúpa, úrval af síld með rúgbrauði, pate, fennel lax, reyktur og grafin lax, eggjahræra, beikon, pönnukökur með sírópi, tartalettur, laufabrauð, kalkúnabringa, purusteik og hangikjöt.
Risalamande, súkkulaðikaka, smákökur, kaffi og te ásamt úrvali af fleiri girnilegum réttum.

VERÐ

Fullorðnir - **4.990 kr.**
Börn 7 - 12 ára - **1.700 kr.**
Börn 6 ára og yngri - **Frítt**

Upplýsingar og bókanir á
info@stracta.is / 531 8010



The advertisement for TM insurance features a photograph of a smiling woman and a young boy in winter clothing, with the woman holding a small white dog. The background is a soft-focus outdoor scene. The TM logo is prominently displayed in the top right corner. On the left side, there are decorative graphic elements: a large light blue circle, a smaller dark teal circle, and a yellow wavy line. The main headline is in a large, bold, white sans-serif font. Below it, a short paragraph explains where to find more information. The overall design is clean and modern, with a color palette of teal, yellow, and white.

Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á **tm.is** og í **TM appinu** getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Partýbúllan opnar á Selfossi

Hjónin Þórunn Lilja Hilmarsdóttir og Tómas Snær Jónsson opnuðu nýverið vefverslunina Partybullan.is sem sérhæfir sig í sölu á öllu sem gæti vantað í veisluhöld. Þórunn, félags- og sjúkraliði og Tómas bifvéla-virki, sem vinnur sem vaktstjóri hjá Securitas eins og er, fluttu á Selfoss úr Reykjavík fyrr á þessu ári og stefna á að opna verslun um leið og þau finna húsnæði við hæfi, en sem stendur er lagerinn í geymslunni heima hjá þeim.

Þórunn hélt að hún myndi aldrei flytja úr Reykjavík en eftir svolitla sannfæringu náði Tómas að koma henni í skilning um að fimm ára dóttir þeirra yrði frjálfsari utan erils borgarinnar. „Okkur langaði eiginlega ekki að ala upp barn í Reykjavík, skoðuðum nærumhverfi Reykjavíkur og enduðum á Selfossi og sjáum sko alls ekki eftir þeirri ákvörðun enda er dóttir okkar að blómstra og elskar að vera hér og bíður spennt eftir lítilli systur sem er væntanleg í mars á næsta ári,“ segja hjónin í samtali við Dagskrána.

Vantaði Partýbúllu á Selfoss

„Við höfum hvorugt bakgrunn í partý- eða sölubrönsunum en varðandi söluhljóðina get ég alltaf leitað aðstoðar hjá þabba mínum sem hefur selt æðardúnssængur

síðan ég man eftir mér. Ég er mikið fyrir að halda skemmtileg boð og þemapartý og hef verið þekkt fyrir að ganga ansi langt í að skreyta og gera upplifunina sem eftirminnilegasta í þeim og þess vegna fann ég fljótlega eftir að fluttum hingað að það var engin verslun af viti sem gat útvegað veislutengda hluti hér á Selfossi. Við fundum það fyrst í kringum Sumar á Selfossi og afmæli dóttur okkar. Svo þegar við fengum að vita kynið á þeirri sem er á leiðinni var hvergi hægt að kaupa blöðru til að sprengja, þá varð þessi hugmynd til. Svo kom Halloween og ákvörðunin var tekin,“ segir Þórunn.

„Nafnið Partýbúllan tók smá stund að fæðast, það er fullt af partýbúðum á landinu svo við

þurftum að leggja höfuðið í bleyti en þetta nafn kom til okkar eitt bíókvöldið og var samþykkt einróma. Við opnuðum formlega núna 28.11 og erum á höttunum eftir húsnæði við hæfi svo þangað til verður geymslan okkar undirlögð af partýdóti,“ segir Tómas og hlær. Þau segja sölnuna fara ágætlega af stað og að nú þegar séu einhverjir hlutir orðnir uppseldir. Þau séu með birgja víðsvegar um heiminn og eigi von á sendingum í vikunni og næstu viku svo birgðastaðan ætti að vera sæmileg fyrir jól og áramót.

„Draumurinn er að geta þjónustað alla Árborg, Ölfus og víðar um Suðurland og auðvitað að geta opnað verslun til að bæta þjónustuna við viðskiptavinum og leyft þeim að koma og sjá og upplifa. Við viljum hvetja lesendur til að kíkja á partybullan.is og tryggja sér skraut fyrir jól og áramótapartýið,“ segir Þórunn að lokum. **HGL**



Gáta vikunnar

Ansi líkur er hann mér, einn frá, neysluhæfur. Sykurmoli alltaf er, aðeins kenndur þessi hér.

Svar við gátu í blaði 2728: **HETTA**
1. Getnaðarvörn - 2. Lambhúshetta
4. Plasthetta yfir vörubretti



Sunnlenski matgæðingurinn



Arnhófr Tryggvason er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Ragnari Serríosi vini mínum fyrir áskorunina. Orðið alltof langt síðan við fórum í okkar árlegu bústaðarferðir á Apavatni í desember þar sem við bökuðum að lágmarki 10 sortir og slúðruðum í pottinum. Ég skorast ekki undan áskoruninni um að koma með góða villibráðaruppskrift og ætla að vera með uppskrift að rjúpu sem ég elda alltaf um jóln og læt svo fylgja með í eftirrætt Ritz kex köku með salthnetum sem er mjög skemmtileg og góð kaka.

Léttsteikt rjúpa með villibráðarsósu

Bringur af rjúpu (Bestar ef skotnar á suðvesturhorninu)
Salt og pipar
Olía
Villibráðarsoð
2 dl rjómi
1 msk gráðaaustur
2 msk rífsberjahlaup
Sósufjafnari

Kryddum bringur með salti og pipar og steikjum upp úr olíu á pönnu í 1 mín á hvora hlið svo bringurnar verði fallega brúnar. Færum bringurnar í eldfast mót og steikjum í 180°C heitum ofni í 3 mín. Tökum þá kjötið úr ofninum og látum standa í 3 mín. Endurtökum þetta þangað til bringurnar hafa verið í ofninum í 9 mín samtals. Með sósuna látum við allt saman í pott og látum suðuna koma upp og þykkjum með sósufjafnara. Smökkum til með salti og pipar.

Ég ætla svo að skora á Orra Jónsson frá Lundi í Lundareykjadal fyrrum samherja minn í úr FSu körfuknattleikslíðinu. Hann er oft kallaður „Fljúgandi ísskápurinn“ svo nú kemur í ljós hvort það tengist hæfileikum hans í eldhúsinu eða leikstíl í körfubolta.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Berum svo fram með brúnudum karftöflum og Waldorfsalati.

Ritz kex kaka með salthnetum

3 stór egg
220 g sykurl
1 tsk lyftiduft
1 tsk vanilludropar
100 g ritz kex
150 g salthnetum

Við byrjum á því að skilja egginn og setjum eggjahvítur í skál og þeytum þar til byrjar að freyða og bætum þá sykri og vanilludropum út í og stífþeytum. Söxum salthnetur, myljum ritz kex og blöndum varlega saman við með sleikju. Smyrjum form með smjöri og setjum blandið í formið. Bökum við 180°C og blástur í 25 mín. Látum kólna meðan við gerum kremið. Þeytum eggjaraudur og flórsykur þar til það verður létt og fluffy. Bræðum við lágan hita smjör og bráðnuðu Dumle súkkulaði, blöndum í mjórri buni út í eggjæræruna. Setjum kremið á kökuna þegar hún hefur kólnað. Njótið.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



lindex.is



LINDEX

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FRÁ SELFOSSEITUM BS. VEGNA VARMADÆLNA

Selfossveitur bs. áforma að veita styrki til eigenda og íbúa fasteigna með fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælur. Markmiðið er að draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Fjárframlag til úthlutunar er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna bs. vegna ársins 2024 eða allt að 800.000 kr. fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Ekki verða veittir fleiri styrkir en fimm ár hvert. Ef heildarfjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna, Austurvegi 67, undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætlunum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 21. desember 2023. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Selfossveitna bs. kveða á um.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur má finna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, www.arborg.is. Jafnframt má senda fyrirspurnir á netfangið sigurdur@arborg.is.



VERKSMIÐJUSTJÓRI

Orkugerðin, sem er leiðandi aðili í hringrásarhagkerfinu og skapar verðmæti úr lífrænum dýraleifum, óskar eftir að ráða verksmiðjustjóra.

Helstu verkefni verksmiðjustjóra eru dagleg stjórnun á verksmiðju Orkugerðarinnar í Flóahreppi þ.m.t. mannaforráð, viðhald, innkaup, gæðaeftirlit og samskipti við viðskiptamenn.

Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi með áhuga á rekstri og menntun sem nýtist í starfinu. Reynsla af stjórnun er kostur.

Orkugerðin er til húsa að Heiðargerði 5 í Flóahreppi, við Oddgeirshólaveg.

Áskilið er að viðkomandi búi á Suðurlandi og tali og skrifi á íslensku.

Umsóknir sendist til Ólafs Wernerssonar í tölvupósti: olafur@orkugerdin.is. sem einnig veitir nánari upplýsingar í 892 8740.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2023.

Glæpasögur mega alveg vera krassandi segir lestrarhesturinn Kristjana Hallgrímsdóttir

Kristjana Hallgrímsdóttir er fædd í Reykjavík en hefur alla tíð búið á Selfossi. Hún kennir unglingum íslensku og almenna skólafærni. Hún klárar aði grunnskólagönguna á Selfossi. Fór þá í FSu og lét svo staðar numið eftir BA-gráðu í íslensku sem og kennsluréttindin og hefur kennt allar götur síðan. Útivist er henni mjög að skapi sem og hreyfing almennt. Ganga með hundana á Snæfokstöðum eða bara hvar sem er úti í náttúrunni bætir allt að hennar mati.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Hér verð ég að fá að nefna bæði bækur sem ég les og hlusta á. Ég var að ljúka við að lesa Marrið í stiganum eftir Evu Björgu Ægisdóttur, fékk hana hjá vinkonu. Ætla að ná mér í næstu bók í þessari seríu, Stelpur sem ljúga eftir sama höfund. Annars var ég að klára hlustun á Blóðmeri eftir Steindór Ívarsson og hef ákveðið að hlusta næst á Þegar fennir í sporin eftir sama höfund. Þá hafa fleiri en tveir nefnt við mig Fimmtudagsmorðklúbbinn eftir Richard Oman sem áhuga-verða, bók. Hún gæti allt eins orðið næst.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Glæpasögur höfðu mest til mín og þær mega alveg vera dálítið krassandi. Þar eru Stig Larsson og Stefán Máni ofarlega á blaði. Bækur um deild Q eftir Jussi Adler-Olsen voru sömuleiðis fin afþreying. Ég las spennusögur Yrsu og Arnalds hérna fyrst en hef ekki gert það núna í smá tíma. Svo finnst mér líka gaman að hlusta á bækur eins og Sjó systur eftir Lucindu Riley og er ekki búin með þær allar, Líkkistusmiðirnir, Húðflúrarinn

í Auschwitz og fleiri. Mér finnst gaman að lesa allskonar verk í bland en er meira á glæpasagnavagninum.

Varstu dugleg að lesa sem barn?

Ég las mjög mikið sem barn og unglingur. Fór mikið á héraðsbókasafn Árnesinga sem var þar sem húsið Bifröst er núna, enda stutt að fara. Hef alltaf elskað að vera á bókasöfnum og skoða bækur af öllum gerðum og bóka- og ritfangabúðir eru líka í miklu uppáhaldi. Þær bækur sem ég las mest og þá aftur og aftur voru Millý, Mollý Mandý, Gunna barnfóstra og Lotta flytur að heiman. Bækur Astrid Lindgren og Enid Blyton voru mjög vinsælar. Næst tók Ís-fólkið við, Dýragarðsbörnin og bækur um ungmenni og fyrstu ástina. Get vottað það hér að þær eldast ekki vel þessar síðastnefndu. Þá las ég Grasið syngur eftir Doris Lessing þegar ég var í framhaldsskóla og það var geggjaður lestur sem hafði mikil áhrif á mig. Svo las ég lítið sem ekkert í nokkur ár, á námsárunum. Les meira núna og hlusta líklega aðeins meira.

En er eitthvað sérstakt sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Ég les meira yfir vetrartímann en hlusta meira yfir sumartímann. Þar spilar útívera stórt hlutverk en ég hlusta mikið þegar ég er í garðinum og er að æfa mig í að hlusta þegar ég er að hlaupa og á göngu. Ég les mest fyrir svefninn en gef mér líka stund til þess á öðrum tímum, sérstaklega í skammdeginu. Ég hlusta hins vegar hvenær sem er dags, engin stund umfram aðra. Þá kaupi ég mér iðulega bækur á leið til útlanda og les, fer reyndar eftir hvers lags ferð er í gangi.



Áttu þér uppáhaldshöfundar?

Þar koma glæpasagnahöfundarnir sem ég nefndi hér að ofan sterkir inn. Auður Ava Ólafsdóttir og Hallgrímur Helgason eru líka ofarlega. Ég hlustaði á Hallgrím lesa bækurnar sínar Sextíu kíló af sólskini og af kjaftshöggum. Það var hrein unun að hlusta á. Mæli með því. Jón Kalman er líka einn af mínum uppáhalds en mest þó fyrir bókina sína Sumarljós og svo kemur nóttin. Þá hef ég hlustað allar bækur Óskars Guðmundssonar sem eru inni á Storytel, það segir líklega eitthvað og Hildur Knútsdóttir er líka í ákveðnu uppáhaldi hjá mér. Eva Björg Ægisdóttir er í dálitlu uppáhaldi núna sem og Steindór Ívarsson.

Hefur bók einhvern tíma rænt þig svefni?

Já bækur hafa sko rænt mig svefni. Karlar sem hata konur eftir Stig Larsson og sömuleiðis Húsið eftir Stefán Mána rændu mig svefni sitthvor jóln. Þá hlustaði ég á Blóðmeri Steindórs Ívarssonar nánast í einni beit.

En að lokum Kristjana, hvernig rithöfundur værir þú sjálf?

Glæpasagnahöfundur. Engin spurning.

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com

Innlaugin opnuð

Það gleður marga að búið er að opna innisundlaugin á Þorlákshöfn eftir endurbætur en laugin er einkar vinsæl hjá fjölskyldufólki, með leiktækjum sem þau yngstu elska og notaleg fyrir mömmur og pabba.

Skipt var um gólfefni utan laugar og voru settar nýjar rennibrautir.

„Það er tilvalið að njóta aðventunnar og fara í saman í sund. Útlaugin verður sérstaklega upphituoð á laugardögum í desember og verður jólastemning með jólatónum, jólaljóðum

til lestrar í laug og epsom salti í gufunni sem hefur góð áhrif á

húðina,“ segir í tilkynningu frá Ölfusi.





Vöflukaffi og jólastemning

Föstudaginn 8. desember milli kl. 13-15 verður sannkölluð jólastemning á þjónustuskrifstofunni okkar á Selfossi.

Þar ætlum við að bjóða upp á vöflur, smákökur, kaffi, heitt súkkulaði og notalegt spjall.

Við hvetjum ykkur til að koma í heimsókn, þiggja veitingar og nýta jafnvel tækifærið til að fara yfir tryggingarnar.

Með jólakveðju,
starfsfólk VÍS



Við vekjum einnig athygli á lengri opnunartíma. **Nú opnum við alla virka daga kl. 9:00**



Opið hús og ljósmyndasýning

laugardaginn 9. desember kl 12-17
í Setrinu, gamla Sandvíkurskóla
Allir velkomnir



HEIMAVIST FYRIR FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURLANDS (FSU) Á SELFOSSI - LEIGUHÚSNÆÐI

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir heimavist fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á skammtíma-leigu til **4 ára**, fullbúið til notkunar, með lausum búnaði. Leigutími er frá **15. ágúst til 15. maí ár hvert**. Gerð er krafa um staðsetningu á Selfossi eða nágrenni.

Heildarhúsrýmisþörf er áætluð **350 - 600 fermetrar**. Gert er ráð fyrir **15-20 herbergjum** með snyrtingum ásamt sturtu eða aðgengi að sameiginlegum snyrtingum með sturtu og matsal/-félagsrými.

Húsrýmisþörf fyrir hvert herbergi er um **12-20 fermetra**.

Nánar um aðrar kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla eru aðgengilegar á www.utbodsvefur.is.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærðar húsnæðis og skipulags þess út frá fyrirhugaðri nýtingu, öryggis, afhendingartíma, staðsetningu og aðkomu.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið **Heimavist fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi**, skulu sendar á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **7. desember 2023** en svarfrestur er til og með **11. desember, 2023**.

Leigutilboð skal senda á leiguhusnaedi@fsre.is, eigi síðar en **kl. 13:00 miðviku-daginn 20. desember 2023**.

Merkja skal tilboðin; nr. 6027515 – Heimavist fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi – Leiguhúsnæði

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11.



Samvinna námsgreina í einstökum viðburði

„Það er mjög mikilvægt að vera meðvitaður um umhverfisvernd, endurnýtingu og sjálfbærni. Gull getur til dæmis leynst í gamalli verðlausri flík eða í gleymdum efnisbút“ segir Agnes Ósk Snorradóttir námsráðgjafi við FSU og hugmynda-smiður. Tilefni ummællanna var tískusýning sem nemendur í hársnyrtiðn og áfanganum Hönnun & endurvinnsla héldu í Bragganum á Eyrarbakka fimmtudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Hér var því um þverfaglega samvinna að ræða milli kennslugreina þar sem þeir uppskárú af-rakstur námsvinnu annarinnar.

Nemendur undir stjórn Guðbjargar Bergsveinsdóttur fengu það verkefni að endurhanna flík eða búa til nýja flík úr gamalli eða afgangss efnisbútum. Farið var í Nytjamaðkaðinn og leitað að efnivið. Flíkur og efni skoðuð í þeim tilgangi að gefa þeim nýtt líf. Nemendur í hársnyrtiðn undir stjórn Örnú Árnadóttur skoðuðu myndir af flíkunum og ígrunduðu hvaða hárgreiðsla myndi henta þeirri flík sem módelið sýnir og heildarhugmyndinni á bak við sýninguna.

Á önninni fengu nemendur í endurvinnslu & hönnun áfanganum heimsóknir frá Ástu Guðmundsdóttur fatahönnuði og heimsóttu hana á vinnustofu hennar á Eyrarbakka. Með því fengu þeir skapandi innsýn í störf fatahönnuðar sem hefur

mikið unnið með endurvinnslu á textíl. Snemma á önninni heimsótti nemendahópurinn ásamt kennurum, Agnesi námsráðgjafa í Gömlu kartöflugeymsluna á Eyrarbakka. Sú heimsókn var hluti af heildarferlinu, til að skoða aðstæðurnar þar sem sýningin færi fram, fá hugmyndir og sjá fyrir sér hvernig flíkurnar myndu koma út í óvenjulegu umhverfi.

„Spennustigið var hátt þegar stóri dagurinn rann upp“ segir Agnes Ósk. „Módel mættu í hárgreiðslu kl. 11 um morguninn. Spennan jókst og allur nemendahópurinn mætti eftir hádegi í Gömlu kartöflugeymsluna. Æfð voru þrjú rennsli undir styrkri stjórn kennara og Ástu. Nokkrir nemendur skólans mættu á

svæðið og stilltu upp græjum til þess að taka upp sýninguna.“

Svo þegar klukkan sló 6 að kvöldi var hátíð í bæ. Þrúðbúnir ættingjar, vinir þátttakenda ásamt starfsfólki skólans voru mætt á svæðið og óhætt að segja að tískusýninginn FLÍKUR FÁ FRAMTÍÐ hafi slegið í gegn. Andrúmsloftið var hlaðið spennu, áskorun, gleði og eftirvæntingu og í lokin, sigrum.

„Það að halda tískusýningu er ekki eitthvað sem nemendur gera á hverjum degi“ segir Agnes Ósk að lokum. „Allt ferlið og samvinna milli námsgreina gerir þennan viðburð einstakan og verður örugglega gott vega-nesti fyrir nemendur og skóla-starf í FSU.“

aós / jöz



Mynd: Fjölbautaskóli Suðurlands

Hátíðleg stund á jólatónleikum kórs ML í Skálholtskirkju

Í síðustu viku hélt kórinn sína Lárlegu jólatónleika í Skálholtskirkju. Haldnir voru tvennir tónleikar og var húsfyllir á báðum þeirra. Það er jafnan hátíðleg stund þegar kórinn syngur inn jólin fyrir tónleikagesti sína.

Á dagskránni voru gullfallegr og jólaleg lög sem snertu við gestum. Þar má nefna allt frá Kveðju og Fallegur dagur eftir Bubba Morthens yfir í Það snjóar, Klukkanna köll, Fögur er foldin og Ó helga nótt. Eins var kórnum skipt upp eftir röddum og bekkir tóku lög saman. 1. bekkur flutti Happy Xmas af öryggi þrátt fyrir stuttan tíma í kórnum. 2. bekkur söng Hátíð fer að höndum ein og 3. bekkur Heims um ból. Raddirnar Sópran og Alt fluttu saman Himinganga á meðan Bassi og Tenór fluttu Bob Dylan lagið Blowing in the wind.

Skálholtskirkja ljær söngnum vissan heilagleika og ungar, bjartar raddir menntskælinga lyfta tónlistinni upp í hæðstu hæðir. Vissulega erum við sem komum að kórnum ekki alveg að fullu hlutlaus en kórinn, einsöngvarar og hljóðfæraleikarar eiga hrós skilið fyrir frammistöðu. Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri, temur raddir og framkallar heildarsvip sem er með engu

líkur. Til þess að þetta gangi allt saman upp liggur að baki mikil vinna og á Eyrún heiður skilinn fyrir sín störf.

Hljóðfæraleikarar tónleikanna voru Magnús Arngrímur Sigurðsson og Ragnar Dagur Hjaltason sem spiluðu á píanó, Kamilla Rós Gústafsdóttir á gítar, Ívar Dagur Bryndísarson Sævarsson á gítar og bassa og Axel Ýmir Grönlí á bassa. Þess má geta að kórfélagar kynntu öll atriði kvöldsins.

Einnig er vert að minnast á kórstjórnina sem stóð sig virkilega vel í tengslum við allt

skipulag og miðasölu. Í kórstjórn sitja Hekla Dís Sigurðardóttir formaður, Emilía Sara Kristjánsdóttir gjaldkeri, Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Sjöfn Lovísa Bahner Jónsdóttir og Þórey Kristín Rúnarsdóttir.

Ég mæli með að þið fylgið Menntaskólanum að Laugarvatni á Facebook, þar er t.d. hægt að sjá á myndband af tónleikunum frá húsbónda skólans, Pálma Hilmarssyni.

Jólakveðja, Margrét Elín
verkefnastjóri kórs ML



Mynd: Menntaskólinn að Laugarvatni

Ungmennaráðin tóku þátt í Norrænu ungmennaráðstefnunni

Ungmennaráð Hrunamanna- hrepps og Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps tóku þátt í Norrænu ungmennaráðstefnunni sem fram fór í Hörpu dagana 24. og 25. nóvember sl.

Ráðstefnan er hluti af verkefni- nu Nordic youth month, sem er formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í ár og fer Samfés (Landssamtök félagsmiðstöðva og ungmenna- húsa á Íslandi) með verkefna- stjórn í því verkefni.

Leiðtogafundur ungs fólks er öflugur samráðs- og samtals- vettvangur barna og ungmenna um málefni er varða þau sjálf. Meginmarkmið fundarins var að gefa börnum og ungmennum tækifæri til þess að hittast, ræða saman og mynda aðgerðir í þeirra málefnum sem afhentar verða Norrænu ráðherranefnd- inni ásamt ráðamönnum í hverju landi fyrir sig.

Við megum svo sannarlega vera

stolt af öflugum talsmönnum ungmenna úr sveitarfélögum okkar. Sterk rödd ungmenna í málefnum er varðar þau sjálf skiptir mjög miklu máli. Sér- staklega ef markmiðið er að gæta hagsmuna barna og ung- menna til framtíðar. Því skiptir öllu máli að börn og ungmenni hafi tök á því að tjá skoðanir sínar á öllum stigum ákvörð-

unartöku um málefni barna og ungmenna.

Gerum gott starf í þágu barna og ungmenna enn betra!

Fyrir hönd ungmennaráðs Hrunamannahrepps, Þórarinn Guðni Helgason, starfsmaður ráðsins



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Kakó, kertaljós og jólabækur

Fimmtudagskvöld 7. des. kl. 20-21:30.
Rithöfundar lesa upp og árita.
Jólastemning með jólabókum.

Ókeypis aðgangur
allir velkomnir




SALA Á LANDI UNDIR ÍBÚÐABYGGÐ

Árborg auglýsir til sölu land í Stekkjahverfi.

Landið er um 17,5 ha. að stærð og heitir Björkurstykki 3, landeignanúmer L236861. Um er að ræða vel staðsett land sem er ætlað undir íbúðabyggð.

Svæðið er hluti af uppbyggingarsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan Suðurrhóla og meðfram Eyravegi. Sveitarfélagið leitar nú að áhugasömum aðila til að festa kaup á umræddu landi, og sjá í framhaldinu um deiliskipulagsgerð, hönnun, uppbyggingu innviða og sölu byggingarlóða.

Landið sem um ræðir er ekki deiliskipulagt en fyrirliggjandi eru deiliskipulags- tillögur frá nóvember 2021. Þær tillögur gera ráð fyrir allt að 296 íbúða byggð en hugmyndir eru uppi um að fjöldi íbúða á landinu geti orðið allt að 360.



Tilboð í landið ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 16:00 þriðjudaginn 19. desember 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar
er að finna á vef Árborgar,
www.arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Þessi tveir og hinir þrír stíga á stökk

Á öðrum tónleikum í jólatónleikaröð Hljómlistafélags Ölfuss verður tvöföld ánægja þar sem tvær hljómsveitir stíga á stökk, Þessir tveir og Hinir þrír. Hinir þrír ríða á vaðið og ætla að flytja jólalög. Þorsteinn Lýðsson syngur, Hermundur Grétar Heiðarsson spilar á gítar og Rúnar Ingi Guðjónsson leikur á bassa.

Eftir hlé stíga Þessir tveir á svið með alvöru sing-along dansiball þar sem þeir ætla að gefa ykkur frí frá jólalögum og spila sígild íslensk sveitaballalög og erlend dægurlög í skemmtilegum flutningi. Allt sem þú vonar að sé spilað á balli heyrir þú hjá Þessum tveim, sama hvort þú viljir sitja og syngja með eða

hoppa á dansgólfið og sletta úr klaufunum. Þessir tveir eru Óttar Ingólfsson sem syngur og spilar á gítar og trommarinn Sigfús Ómar Höskuldsson.

Tónleikarnir verða 9. des kl. 20 á Heima bístró í Þorlákshöfn.

Miðasala fram á tix.is



Kakó, kertaljós og jólabækur II

Fimmtudagskvöldið 7. desember mæta sex galvaskir rithöfundar í Bókakaffið á Selfossi og lesa upp fyrir gesti og gangandi. Tilboð á bókum og notaleg jólastemning við kertaljós og kakódrykkju. Húsið er opnað kl. 20 og upplestur stendur frá 20:30-21:30.

Þau sem koma að þessu sinni eru eftirtalin:

Ágúst Borgþór Sverrisson með sakamálasöguna *Vektu ekki barnið*.

Ljóðskáldið Gunnhildur Þórðardóttir með bók sína *Dóttir drápuunnar*.

Gunnar J. Straumland ljóðskáld með *Kurteisisonnettuna* og önnur kvæði.

Lárus Jón Guðmundsson með skáldsögu sína *Höfuðlausn*.

Heiðrún Ólafsdóttir þýðandi sem les úr *Blómadalnum* sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2021.

Benedikt Hjartarson sem les úr einstakri fræðibók sinni um bókasafn esperantista á Íslandi, *Huldukerfi heimsbókmenntanna*.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



60 ár á 60 mínútum endurtekið vegna fjölda áskoranna

Uppistand og kvikmyndbrot Marteins Sigurgeirssonar undanfarin 60 ár verða endurtekin á Sviðinu fimmtud. 7. des.

kl. 8 vegna þess að menn geta aðeins verið á einum stað í einu enn sem komið er.



Fellum niður virðisaukaskatt af öllum vörum!*

TAX
FREE

7.12. - 11.12.

Auk annarra góðra tilboða!

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum. Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PENNINN Eymundsson

*Gildir ekki af húsgögnum og Óskaskrínunum.

Björgvin semur nýtt jólalag

Það var að koma út nýtt jóla- lag með Siggú Beinteins sem heitir Hvenær koma jólin? Lag og texti er eftir Selfyssinginn Björgvin Þ. Valdimarsson. Lagið er létt og leikandi með kröftugu og grípandi viðlagi. Það getur stundum verið erfitt að bíða eftir jólnum. Textinn fjallar einmitt um það. Nóvember og desember eru dimmstu tímar ársins og því eru jólin kærkomin til að

lýsa upp skammdegið með allri sinni ljósa- og litadýrð. Þetta er fimmta jólalagið sem Björgvin sendir frá sér með þekktum söngvurum en þeir eru auk Siggú Beinteins, Stefanía Svavars (Það eru að koma jól), Dagur Sigurðsson (Jólin okkar), Gissur Páll Gissurarson (Jólastund) og Regína Ósk (Jólasnjór um alla borg). Öll þessi lög er hægt að finna á Spotify.



Lagið og textinn er eftir Selfyssinginn Björgvin Þ. Valdimarsson.

Jólalög, heitt súkkulaði og smákökur

Söngsveit Hveragerðis hóf sitt 27. starfsár núna í haust. Á þessum árum hafa nokkrir kórstjórar stjórnað kórnum, Kristín Sigfúsdóttir, Anna Jörunn Stefánsdóttir og Unnur Birna Björnsdóttir. En enginn þó jafnlengi eins og Margrét Stefánsdóttir en hún kom aftur til okkar núna í haust. Covid árin fóru ekki vel með okkur og tók tíma að komast aftur í gang en við stóðum af okkur storminn og eru félagar í dag á fjórða tug. Söngsveit Hveragerðis er blandaður kór og hefur hann skapað nokkrar hefðir í gegnum árin. Má þar helst nefna aðventutónleika fyrir jólin þar sem boðið er upp á heitt súkkulaði og smákökur eftir tónleika og gestum gefst kostur á að setjast niður og spjalla.

Þetta hefur ávalt verið mjög notaleg stund á aðventunni. Í ár er engin undantekning og verða aðventutónleikar haldnir þriðjudagskvöldið 12. desember í Hveragerðiskirkju kl. 20. Kórinn mun syngja fjölbreytt jóla og aðventulög og einsöngvarar eru úr röðum kórfélaga. Einnig fáum við til liðs við okkur gesti frá Tónlistarskóla Árnesinga. Við höldum svo í hefðina og bjóðum gestum upp á heitt súkkulaði og smákökur að tónleikum loknum. Miðaverð er 3.500.- og viljum við taka fram að við erum ekki með posa.

Við hlökkum til að sjá ykkur og eiga notalega stund á aðventunni.



Æskulýðsbikarinn til Hestamannafélagsins Jökuls

Hestamannafélagið Jökull hlaut á dögunum Æskulýðsbikar Landssambands hestamanna en bikarinn er æðsta viðurkenning sem æskulýðsstarfi hestamannafélaga er veitt á Íslandi. Er þetta glæsilegur árangur sem má þakka fjölbreyttu og öflugu starfi sem stjórn Æskulýðsnefndar félagsins hefur haldið afskaplega vel utan um. Á myndinni má sjá hluta af þeim börnum sem tekið hafa þátt í starfinu undanfarið með bikarinn góða. Er Hestamannafélaginu Jökli og öllum þeim sem tekið hafa þátt í metnaðarfullu æskulýðsstarfi félagsins óskað innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.





Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Jólasöngur í Selfosskirkju

**Jólasöngstund á aðventunni
fimmtudaginn
14. des kl. 19:30**

**Unglinga og kirkjukór
Selfosskirkju syngja falleg
jólalög og leiða samsöng
undir stjórn Edit Molnár.**

**Allir hjartanlega velkomnir.
Aðgangur ókeypis.
Piparkökur, kaffi og konfekt.**

FLÚÐI HEIMILIÐ MEÐ Grindavíkurtreyjuna og servíettur

Líkt og flestum Íslendingum er kunnugt, hafa Grindvíkingar þurft að flýja heimili sín í kjölfar mikilla jarðhræringa og möguleika á eldgosi á svæðinu og hafa þau í kjölfarið þurft að leita skjóls við misjafnar aðstæður hvarvetna um landið.

Hin glaðlynda Sólveig Ólafsdóttir, gjarnan kölluð Solla, er formaður kvenfélags Grindavíkur og Grindvíkingur í húð og hár. Hún er gift Eiríki Óla Dagbjartssyni, útgerðarstjóra hjá Þorbirni. Saman eiga þau fjórar dætur og sex barnabörn sem eru allt strákar. Þrjár af dætrunum eru búsettar í Grindavík og ein á Selfossi og leituðu þau hjónin skjóls hjá dóttur sinni á Selfossi hinn örlagaríka föstudag 10. nóvember sl.

„Kannski þess vegna komum við á Selfoss, því hér áttum við í hús að vernda. Við erum algjörir Grindvíkingar, nánast allt okkar fólk er frá Grindavík, feður okkar voru báðir fæddir og uppaldir Grindvíkingar og mæður okkar beggja búa þar og við erum bæði fædd og uppalin í Grindavík,“ segir Solla í samtali við Dagskrána.

„Ég hélt hreinlega að eitthvað væri að skriða undir húsinu okkar“

Solla er kvenfélagskona inn að beini. „Ég var á föstudaginn í jarðskjálftunum að pakka og græja fyrir bingó sem átti að vera í Grunnskólanum í Grindavík á sunnudeginum. Það eru á bilinu 200-250 manns sem mæta á þessi bingó sem eru ein stærsta fjárflokkun kvenfélagsins. Ég sá það þarna á föstudeginum að það vantaði tússpenna fyrir bingóið þannig að við hjónin skelltum okkur í Costco til að kaupa tússpenna. Við hefðum kannski átt að vera heima að pakka niður en við vissum ekki að bærinn okkar yrði rýmdur þetta kvöld. Á heimleiðinni heyrðum við í fréttum að í Grindavíkurveginum hefði komið stór sprunga og væri því lokaður. Þannig að við gátum ekki farið þá leið heim, þá var ekkert annað í stöðunni en að keyra Reykjaneshringinn þar sem við mættum hundruðum bíla á leið útúr bænum. Við erum á rafmagnsbíl og sáu að rafmagnið myndi ekki duga á Selfoss og þurftum því að bíða til rúmlega tíu meðan bíllinn var í hleðslu við þorðum ekki á dísel bílnum þar sem hann var enn á sumardekkjum og fljúgandi hálka úti á Reykjanesinu. Ég hef aldrei upplifað aðra eins skjálfta meðan við biðum, svakalega var ég hrædd, ég hélt hreinlega að eitthvað væri að skriða undir húsinu okkar,“ bætir Solla við.

Vildu bara svefnfrið yfir nóttina

Á meðan bíllinn var í hleðslu fundu Solla og Eiríkur til það nauðsynlegasta fyrir eina nótt, rúmfröt, náttfröt og sundtösku og



hlóðu í bílinn. „Enda ætluðum við bara að vera yfir nóttina og fá svefnfrið fyrir skjálftunum. Allsherjar rýming kom eftir að við yfirgáfum Grindavík rúmlega tíu á föstudagskvöldið 10. nóvember. Þetta voru búnir að vera rosalegir skjálftar frá 25. október, en aldrei eins og þetta föstudagskvöld. Þetta er þriðja árið í röð sem við búum við jarðskjálfta og vorum við aðeins farin að venjast þeim, en ekki þessum skjálftum, þetta var allt öðruvísi en við höfum upplifað, enda beint undir fótum okkar. Við búum þannig í bænum að við erum alveg yst á rauða hættusvæðinu.“

Grindavíkurtreyja og rifnar gallabuxur

„Ég tók Grindavíkur-körfuboltatreijuna mína með og var hún ein af fáu fatakyns sem ég tók með mér. En þar sem við vorum sem fyrr segir bara á leið í skjálftafrí þessa nótt vorum við ekki með fót til skiptanna. Þegar ég var að taka litla ömmuprinsinn minn upp af leikmottunni hans á sunnudagsmorguninn finn ég að gallabuxurnar rifna þvert yfir rassinn. Nú voru góð ráð dýr. Lindex á Selfossi var opin á sunnudeginum hafði boðið Grindvíkingum uppá 10.000 kr. inneign og gat ég nýtt mér það og keypti þessar

finu buxur og auðvitað auka nærföt. Okkur vantaði Samsung TV í bústaðinn og fengum eitt stk hjá Nova á Selfossi og ekki að tala um annað en góðan afslátt hjá Nova. Sama með sundlaugina hér á Selfossi þar sem við höfum ekki fengið að borga ennþá. Við finnum alstaðar mikinn hlýhug og erum endalaust þakklát fyrir það. Þetta snýst ekki endilega um aurinn, það er bara svo gott að finna að



allir vilja gera eitthvað til að leggja sitt af mörkum,“ bætir Solla við.

Aftur á sömu slóðum

„Kvöldið sem fyrsta gosið hófst árið 2020, var ég stödd á Syðri-Brú í Grímsnesi á stjórnarfundum á vegum kvenfélagsambandsins. Maðurinn minn var búinn að hringja nokkrum sinnum og ég hafði ekki svarað en þá fer síminn hjá sessunaut mínum að hringja og sú svarar. Þá var sonur hennar í símanum og spurði hvort ég væri ekki með henni á fundinum og hvort ég vissi ekki að það væri farið að gjósa í Grindavík. Svo núna þegar öll lætin byrjuðu var ég aftur stödd á Syðri-Brú, svo ég beið alltaf eftir því að einhver myndi hringja,“ segir Solla og hlær. „Nú er ég komin aftur í bústað skammt frá Syðri-Brú og er ótrúlega þakklát þeim Friðsemd og Steinari fyrir að hafa lánað okkur húsið, sem okkur liður svo vel í, við megum vera þar í einhverja mánuði og það er alveg ómetanlegt,“ segir Solla.

Upplifði ofurstjórnun

Solla segist hafa verið svolítið hugsi þegar 48 klukkustundir höfðu liðið frá því að þau flúðu skjálftana í Grindavík. „Ég flúði nú bara til að fá svefnfrið föstudagnóttina og átti ekki von á að ég fengi ekki að fara heim næstu daga. Á sunnudagskvöldið var ekki komið gos en gæti verið að koma ef allt fer á vesta veg. Þá var ekki búið að leyfa fólki að fara heim og kíkja á eigur sínar og ég verð að segja að ég upplifði þetta bara sem ofurstjórnun.“

„Á mánudeginum var gefið út að þeir sem byggju í Appelsínugula hverfinu mættu fara heim í 5 mínútur í fylgd með björgunarsveitarfólki og sækja verðmæti. „Þar sem dóttir mín sem býr í því hverfi og var erlendis ákváðum við hjónin að fara og þegar við vorum búnir að bíða í á þriðja tíma opnuðu þeir fyrir alla umferð í Grindavík og fengum við að





fara á bílunum inn á svæðið og gátum því sótt dót á báðum stöðum og bílinn hennar sem var í bílskúrnunum hjá okkur. Þetta var ólýsanlega góð tilfinning sem róaði mig mikið þar sem ég var hálf svefnlaus af áhyggjum“ segir Solla.

Tók servíettur fram yfir nauðsynjar

„Nú hugsa ég: „Ooo.. Af hverju tók ég ekki þetta og þetta...“ sem við öll erum örugglega búin að upplifa. En svona er þetta bara,“ Segir Solla og yppir öxlum. „Við sáum blessunarlega engar skemmdir eða sprungur á húsinu okkar á þeim fáu mínútum sem við fengum að fara heim og rafmagn og hiti hafði ekki farið af. Fyrstu dagarnir í skipulaginu gengu mjög bröðuglega, hringt var í suma dag eftir dag og aðra ekkert. Fólki var gefinn tími en þurfti að bíða í röð í 5-6 klukkutíma eftir því að komast inn í bæinn í fylgd með björgunarsveitafólki. En þeim hefur eitthvað tekist að skipuleggja þetta betur og í dag er fólk að fá að komast inn í bæinn á þeim tímum sem þeim eru gefnir skilst mér. Þann stutta tíma sem ég fékk að fara heim til að sækja einhverjar eigur tók ég nýjustu söluvöru kvenfélags Grindavíkur, dagbækurnar sem við í Kvenfélaginu erum að selja og óseldar servíettur með gildum félagsins. Á þær eru gildi félagsins prentuð með handskrift Birnu Óladóttur fyrrum formanns og heiðursfélaga. Kærleikur, Gleði, Samvinna. Ég verð að sega að hann Erling Sigurðsson, offsetprentari sem hefur prentað á servíettunum fyrir okkur, er alveg magnaður maður. Hann er rúmlega sjötugur og er búin að bjarga okkur alveg! Hann prentaði á 400 servíettur sem við notuðum á bleikum fundi okkar í október, hann gerði nokkra pakka sem við ákváðum að prófa að selja og allt seldist upp. Við fegnum margar pantanir og nú prentar hann á hvítar, bleikar og rauðar fyrir okkur. Ekki nóg með að hann prenti á servíettunum, þá á ég erfitt með að fá að borga honum fyrir vinnuna hans. Nokkur félög hafa haft samband og vilja kaupa og selja servíettunum fyrir okkur til aðstoðar fyrir okkar fjáröflunin kvenfélag Bústaðarsóknar var með basar síðustu helgi og var salan með ólíkindum og erum við þeim afar þakklátar fyrir aðstoðina,“ bætir Solla við.

Á bág með að skilja skipulagsleysið

„Það sem ég er mest hissa á er að skipulagið sé ekki komið lengra. Fyrir þremur árum áttum við von á gosi við Þorbjörn, grín við erum búin að eiga von á því eiginlega í þrjú ár

Erum við ekki búin að læra eitthvað á þessum þremur gosum? Til dæmis með úthringlistana við skráðum okkur á 1717 þar ættu að koma inn rétt símanúmer og heimilisföng, en ég held að farið sé eftir Já.is, því hringt er í fólk eftir hverfum.

Sá sem fór samferða mér var skrásettur í Laut en býr á Efstahrauni t.d. og hef ég heyrt fleiri slík dæmi.

En það er ekki við björgunarsveitarfólk og aðra sjáboðliða að sakast sem eru þarna að gera sitt allra besta. Allt yndislegt fólk sem fer eftir fyrirmælum þeirra sem stjórna aðgerðum.“

„Elsta dóttir mín og tengdasonur eru í björgunarsveitinni í Grindavík og hafa þau staðið vaktina, ásamt tengdasyninum héðan frá Selfossi, yngsta dóttir okkar er líka í sveitinni í Grindavík en er reyndar ekki að standa vaktir í dag þar sem hún er heima með einn 4 mánaða gullmola hér á Selfossi. Björgunarsveitarfólkið okkar eru ósérhlífir einstaklingar sem eru að leggja á sig vinnu sem er mun erfiðari en flestir gera sér grein fyrir. Og er ég þeim ævinlega þakklát,“ bætir Solla við.

Allir vegir færir með kærleika, gleði og samvinnu

„Ég hef alltaf haft gaman að körfunni, dæturnar hafa allar verið að æfa körfubolta og svo eigum við tengdason í liðinu í dag. Það var mögnuð stund þegar Grindvíkingar fjölmenntu á leiki kvenna- og karlaliða Grindavíkur í körfubolta 25. nóvember í Smáranum sem enduðu að sjálfsögðu báðir með sigri Grindvíkinga. Hugur minn er hjá íbúum Grindavíkur á þessum erfiðu tímum. Við erum að upplifa atburð og tilfinningar sem erfitt er að koma í orð en með kærleika, gleði og samvinnu eru Grindvíkingum allir vegir færir. Grindavík er frábært samfélag sem hefur blómstrað og okkur hlakkar til framtíðarinnar sem ein heild á ný, því Grindavík er bærinn okkar 🧡💙,“ segir Solla að lokum. HGL

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort, dagatöl** og **myndabækur**.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



**HEILDARLAUSNIR
Í PRENTUN**

Eyurvegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA
FEBSEL**

Opin fimmtudaginn
7. desember kl. 13-14:30.

HEILSUEFLING 60+

Þriðjudaga og
fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30 í
Lindex-höllinni.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Selfosskirkja

Jólaball Selfosskirkju sunnu-
daginn 10. desember kl. 11:00.
Byrjað verður á stuttri helgistund
í kirkjunni, Strengjakvartett frá
Tónlistarskóla Árnesinga spilar.
Eftir stundina verður dansað í
kringum jólatréð í Safnaðar-
heimilinu og hver veit nema það
komi góðir gestir til okkar.

Aðventukvöld sunnudaginn
10. desember kl. 18:00. Kórar
kirkjunnar syngja. Ása Ninna
Pétursdóttir fjölmiðlakona flytur
hugleiðingu. Umsjón með stund-
inni hefur Guðbjörg Arnardóttir.

Samvera fyrir syrgjendur 12.
desember kl. 20:00.

Opin söngstund með Kirkju-
kórnum 14. desember kl. 19:30.

Eyrarbakakirkja

Aðventusamvera sunnudaginn
10. desember kl. 14:00. Kirkju-
kórinn syngur, organisti Pétur
Nói Stefánsson, prestur Guð-
björg Arnardóttir.

Skálholtdómkirkja

Helgileikur barna á aðventu kl.
11 í umsýs Bergþóru Ragnars-
dóttur, djáknakandidats. Helgi-
leikurinn er samstarf milli
Barnastarfsins í Skálholtspresta-
kalli og yngsta stigs í Bláskóga-
skóla á Laugarvatni. Það verða
rúmlega 30 börn sem taka þátt,
19 úr Bláskógaskóla á Laugar-
vatni og 14 börn á vegum Barna-
starfsins. Það verður súkkulaði
og smákökur í gestastofunni í
lokin. Prestur Axel Á Njarðvík.
Organisti Jón Bjarnason.

Haukadalskirkja

Guðsþjónusta kl. 13. Prestur
Axel Á Njarðvík. Organisti Jón
Bjarnason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 10.
desember kl. 11:00 í Hvíta-
sunnukirkjunni Selfossi, Austur-
vegi 40B. English translation
available. Allir innilega velkomn-
ir. www.selfoss gospel.is.



**Viltu vekja
athygli á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



FUNDIR

Vöflukaffi

Síðasta vöflukaffi ársins -
grautur. Laugardaginn 9. des.
milli kl. 11-12, Eyurvegi 15.
Gestur verður Bjarni
Harðarson bóksali og
útgefandi og segir frá
nýútökomnum bókum
bókaútgáfunnar Sæmundar.



Nemendur í 1. bekk, Arnar Páll og Dagný f.h. Foreldrafélagsins ásamt Elís Kjartanssyni frá Lögreglunni.

Vel upplýstir fyrstu bekk- ingar í Sunnulækjarskóla

Þann 20. nóvember sl. gaf for-
eldrafélag Sunnulækjarskóla
á Selfossi 1. bekkungum nafna-
merkt endurskinsvesti, en hefð
hefur myndast fyrir því síðustu
ár.

„Elís Kjartansson frá Lö-
greglunni kom og sagði nokkur
vel valin orð við hópinn og
afhenti nemendum vestin að
gjöf fyrir hönd Foreldrafélags-
ins. Hefðin er orðin fastur liður í

starfsemi foreldrafélagsins og á
alltaf vel við enda mjög mikil-
vægt að okkar dýrmætasti hópur
sjáist vel í umferðinni á dimm-
ustu mánuðunum sem fram-
undan eru. Nemendur voru að
vonum ánægðir með gjöfina og
brostu sínu breiðasta fyrir ljós-
myndara Foreldrafélagsins,“
segir Dagný Hróbjartsdóttir, rit-
ari foreldrafélags Sunnulækjar-
skóla.

Heklugosið 1947

Gömul kvikmynd eftir Kjartan Ó. Bjarnason

Á vef Kvikmyndasafns Ís-
lands er sífellt verið að bæta
nýju efni og nú nýverið var efni
eftir Kjartan Ó. Bjarnason bætt í
safnið.

Þar er einnig kvikmynd sem
Kjartan gerði fyrir Rangæingafé-
lagið árið 1947 en Kjartan var
ráðinn af félaginu til að gera
kvikmynd um Rangárvallasýslu.

Framleiðsla myndarinnar
gekk hægt og illa og virðist sem
hún hafi ekki verið kláruð. Elsta
efnið er frá Heklugosinu árið
1947 en auk þess má sjá land-
búnað í Rangárvallasýslu um
miðja öldina og margt fleira.

Kjartan Ó. Bjarnason var
fyrsti Íslendingurinn til að gera
kvikmyndagerð að aðalstarfi
þegar hann hætti sem prentari
árið 1945. Kjartan skyldi ekki
eftir sig margar fullbúnar kvik-
myndir með titlum. Hann fluttist
til Danmerkur og aflaði sér tekna



Hægt er að horfa á myndina með
því að skanna inn QR-kóðann.

með því að ferðast um Dan-
mörku, og víðar, þar sem hann
sýndi kvikmyndir frá Íslandi og
talaði yfir þær. Þá fór hann marg-
ar sýningarferðir um Ísland en
þær nýtti hann einnig til að taka
upp frekara efni til sýninga ytra.

Á vef Kvikmyndasafnsins er
hægt að skoða ýmsar kvikmyndir
og myndbrot frá Suðurlandi.

Rangárþing ytra



Af vef Kvikmyndasafns Íslands - Fólk í skoðunarferð að Heklugosi 1947.

HSK- og Íslandsmet í þrístökki

Frjálsíþróttamabilið er hægt og rólega að fara af stað á nýjan leik. Iðkendur hjá frjálsíþróttadeildinni hafa komið við sögu á nokkrum mótum síðastliðinn mánuð og það eru miklar bætingar hjá krökkunum svo að veturinn lofar góðu. Um síðustu helgi fór fram afar fjölmennt mót, Silfurleikar ÍR, fyrir 17 ára og yngri og þar áttum við keppendur í öllum aldurshópum og var árangur afar glæsilegur. 7 ára og yngri spreyttu sig í þrautarbraut með verkefnum sem hæfðu þeim aldurshópi. 8 - 9 ára kepptu í frjálsíþróttagreinum, þríþraut og svo með auknum aldri fjölgaði greinunum sem voru í boði þannig að 10 - 11 ára kepptu í fjórþraut, 12 ára í fimmþraut og 13 - 17 ára völdu sér svo greinar. Hæst ber að nefna árangur Hjálmars Vilhelms Rúnarssonar en hann gerði sér lítið fyrir og stórbætti Íslandsmetið í þrístökki í flokki 15 ára pilta þegar hann stókk 13,27m og bætti þar með 10 ára gamalt met Fannars Yngva Rafnarsson sem var 12.98m. Þetta stókk hans Hjálmar í fjórða sæti á afrekslista FRÍ á árinu 2023 í þrístökki karla. Hjálmar Vilhelm sigraði einnig í kúluvarpi með 15,73m löngu kasti og í hástökki þegar hann vipaði sér yfir 1.80m. Hann vann tvenn silfurverðlaun, í 200m hlaupi með tímann 25,08 sek og í 60 m grind sem hann hljóp á 9,69sek og að lokum bætti hann sig í 60m hlaupi þegar hann kom þriðji í mark á tímanum 7,74 s.

Þorvaldur Gauti Hafsteins-son sigraði 800m hlaup í flokki 16 -17 ára á tímanum 2:02,19 mín og Daníel Breki Elvarsson sigraði í hástökki í sama aldursflokki þegar bætti sig með því að stökkva yfir 1.85m.

Arndís Eva Vigfúsdóttir varð önnur í hástökki í flokki 14 ára þegar hún bætti sig með því að stökkva yfir 1.52m og Bryndís Embla Einarisdóttir varpaði kúlunni næstlengst allra í sama flokki með 10.60m löngu kasti. Hugrún Birna Hjaltadóttir bætti sig í 60m grindahlaupi er hún kom fyrst í mark á tímanum 10,02 sek í flokki 15 ára. Hanna Dóra Höskuldadóttir sigraði bæði í þrístökki með 10,45m og í 60m grindahlaupi á tímanum 9,57s í flokki 16 -17 ára, hún varð síðan önnur í hástökki með 1,47m og þriðja í kúluvarpi með 10,97m. Ísold Assa Guðmundsdóttir sigraði hástökkið með því að vipa sér yfir 1,60m í flokki 16-17 ára, hún varð síðan önnur í grindahlaupi á tímanum 10,71 sek og þriðja í kúluvarpi með 11,68m.

Í fjölþrautinni bættu börnin sig öll í að minnsta kosti einni grein og áttum við þrjá iðkendur sem að náðu toppsæti í sínum aldursflokki: Hilmir Dreki Guðmundsson varð annar í fjórþraut 10 ára pilta, Kristján Reynisson (Þjótanda) annar í fjórþraut 11 ára pilta og Magnea Furuhielm

Magnúsdóttir (Dímon) fjórða í fimmþraut 12 ára stúlkna. Í flokki 13 ára stúlkna náði Adda Sóley Sæland silfri í kúluvarpi með kasti upp á 10,21 m á persónulegri bætingu. Í sama flokki átti Anna Metta Óskarsdóttir heldur betur frábæran dag og bætti sig í þremur greinum og fór fimm sinnum á verðlaunapall. Hún sigraði í tveimur greinum, hástökki með 1,48 m og í þrístökki með 11,24 m þar

sem hún setti HSK met í þremur flokkum 13 ára, 14 ára og 15 ára ásamt því að vera aðeins 4 cm frá Íslandsmetinu í sínum aldursflokki (13 ára flokki). Hún vann einnig tvö silfur, í 60 m grindahlaupi á persónulegu meti, 10,48 sek og í 200 m hlaupi þar sem hún hljóp á 28,68 sek. Að lokum bætti hún sig í 60m hlaupi þegar hún hljóp á 8,52 sek og vann til bronsverðlauna.





BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU



Laus störf í dagvinnu: Slökkviliðsmaður Varðstjóri

HÆFNISKRÖFUR:



- Stúdents- eða sveinspróf skilyrði
- Aukin ökuréttindi skilyrði (vörubifreið)
- Rútuþróf og vinnuvélaréttindi æskileg
- Góð íslenskukunnátta
- Góðir líkamsburðir
- Andlegt/líkamlegt heilbrigði
- Góð heyrn og sjón, rétt litaskyn
- Laus við lofthæðslu og innilokunarkennd
- Færni í samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Almenn reglusemi og háttvísi

HÆFNISKRÖFUR VARÐSTJÓRA:



- Sömu kröfur og í starf slökkviliðsmanns auk:
- Menntun og reynsla af starfi í slökkviliði
 - Leiðtogaþæfileikar

UM STÖRFIN:

Brunavarnir Árnæssýslu auglýsa tvö laus störf í útkallslið á dagvinnutíma, annarsvegar starf slökkviliðsmanns og hinsvegar varðstjóra.

Starfsmenn slökkviliðsins taka að sér ýmis störf tengd starfsemi slökkviliðsins auk þess að starfa á útkallssviði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Starfsstöðin er á Selfossi en starfsvæðið er öll Árnæssýsla.

FYLGIGÖGN:

- Ljósrit af báðum hliðum ökuskírteinis
- Prófskírteini
- Nýleg passamynd
- Ferilskrá og kynningarbréf
- Sakavottorð
- Ökuferilsskrá
- Læknisvottorð

INNTÖKUFERLI:

- Hlaupapróf
- Þrek- og styrktarpróf
- Starfstengd verkefni
- Próf v innilokunarkenndar og lofthæðslu
- Skriflegt próf
- Aksturspróf
- Læknisviðtal
- Viðtal

UMSÓKN:

- Umsóknir berist á netfangið larus@babubabu.is merktar "Slökkviliðsmaður 2024" og "Varðstjóri 2024"
- Nánari upplýsingar á heimasíðu Brunavarna Árnæssýslu www.babubabu.is og á netfanginu larus@babubabu.is

UMSÓKNAFRESTUR
TIL 15. JANÚAR 2024



www.babubabu.is



facebook.com/babubabu.is



Árvegur 1, 800 Selfoss

Næstu skref að hefjast í miðbæ Selfoss

Byggingarfulltrúinn í Árborg hefur samþykkt byggingaráform Sigtún Þróunarfélags á lóðinni við Eyraveg 3-5 við hlið Mjólkrubúsins. Þar munu rísa tvö ný hús og bílastæðahús og segir Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtúns, að framkvæmdir hefjist á allra næstu dögum. „Nú er verið að slá upp girðingu og ég á von á að jarðvinna hefjist öðru hvoru megin við helgina. Byggingarframkvæmdir við bílastæðahúsið munu taka um 6 mánuði en húsin sjálf verða um 18 mánuði í byggingu,“ segir Vignir.

A meðan framkvæmdir við bílastæðahúsið standa yfir munu bílastæði miðbæjarins færast á stórt malarplan sem útbúið hefur verið milli Kirkjuveggar og Sigtúnsgarðs og er aðgengilegt frá Kirkjuvegi. Þar er pláss fyrir allt að 100 bíla. „Við bindum svo vonir við að bílastæðahúsið verði komið í notkun næsta sumar. Það verður mikil breyting til hins betra fyrir gesti miðbæjarins,“ segir Vignir.

Húsin sem munu rísa á Eyravegi 3-5 eru hið svonefnda Amtmannshús, sem stóð í Reykjavík á árunum 1879-1972, og Hótel Akureyri sem stóð við Aðalstræti á Akureyri 1902-1955. Örlög þessara húsa á sínum tíma voru þó af ólíkum toga. Hótel Akureyri varð eldi að bráð en Amtmannshúsið var rífið. Í endurbyggðum húsunum á Selfossi verða skrifstofurými til útleigu á efri hæðum en jarðhæðin verður nýtt sem þjónustu- eða verslunarhúsnæði.

Sem fyrr eru það Jáverk og Borgarverk sem sjá um framkvæmdir og jarðvinnu, og því fólk og fyrirtæki úr héraði sem sjá um að reisa húsin. „Við leggjum áherslu á að framkvæmdavinnan haldist eftir fremsta megni innan Árborgarhagkerfisins, ef svo má segja, og að þeir sem koma að þessari uppbyggingu – smiðir, rafvirkjar, múrarar, píparar og svo framvegis – séu að uppi- stöðu heimamenn. Það skiptir máli,“ segir Vignir.



Tölvuteiknuð mynd af nýju húsunum við Eyraveg.

Bygging þessara húsa við Eyravegin markar upphafið af öðrum áfanga miðbæjarins og segir Vignir að framkvæmdir á fleiri svæðum innan miðbæjarins muni hefjast fyrr en síðar. „Hönnun á svæðinu er ennþá í fullum gangi og búið er að skipta svæðinu í 4-5 byggingarreiti. Við áformum að hefja framkvæmdir á þeim eftir því sem hönnun þeirra vindur fram. Næsti reitur er hinn svokallaði Pakkhúsreitur og vonandi getum við klárað jarðvinnu þar með vorinu,“ segir Vignir.

Nánar um nýju húsin

Amtmannshúsið stóð við Ingólfsstræti 9 í miðbæ Reykjavíkur en gatan Amtmannsstígur er kennd við húsið, á þeim slóðum sem aðalbygging Menntaskólans í Reykjavík stendur í dag. Það var reist upphaflega af amtmönnum Magnúsi Stephensen og Eggerti Theodór Jónassen. Húsið var rífið árið 1972 í samræmi við skipulag sem þá var í gildi og gerði ráð fyrir að timburhús skyldu vikja fyrir stærri steinsteyptum húsum og hraðbraut. Ekkert varð þó úr þeim áformum.

Húsið sem kennt er við Hótel Akureyri var byggt á upphafsárum 19. aldar í stað samnefnds húss sem hafði skömmu áður orðið eldi að bráð. Var það fljótt mál manna að Hótel Akureyri væri þá eitt allra glæsilegasta gistiheimili landsins og ein helsta prýði Akureyrarbæjar. Síðar hallaði undir fæti

í hótélrekstrinum og fór svo að nýir fjárfestar ákváðu 1920 að breyta húsinu í íbúðarhús. Hinn 17. nóvember 1955 kviknaði eldur fyrir slysi inni í einu herberginu og var ekki að sökum að spyrja, mikill eldsmatur reyndist í plönkunum í hólfi og gólfi hússins svo það brann hratt til grunna, jafnvel þótt öllu tiltæku slökkviliði hefði verið teft fram.



HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com



BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvottgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.


Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Teikning landslagsarkitekta sem sýnir bílastæðahús í samhengi við Brúartorg og hús við Eyraveg.